

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu við Hafnargötu á Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 8. júní 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Hafnargötu á Stokkseyri.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1500 þann 2. febrúar 2005 og var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. apríl 2005 til og með 6. maí 2005, með athugasemdafresti til og með 20. maí 2005.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Með gildistöku deiliskipulagsbreytingar þessarar fellur úr gildi deiliskipulag Hafnargötu 6, sem samþykkt var þann 10. febrúar 1999.

Selfossi, 30. janúar 2006.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2006